

Alþingi
Erindi nr. P 131/574
komudagur 8.12.2004



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 3. desember 2004.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýtingu stofnfruma úr fósturvísunum til rannsókna og lækninga, 53. mál.

Lýðheilsustöð þakkar fyrir veitt tækifæri til að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýtingu stofnfruma úr fósturvísunum til rannsókna og lækninga.

Ljóst er að um flókið og umfangsmikið mál er að ræða og því fagnar Lýðheilsustöð því ef skipuð yrði nefnd til að fjalla um málið út frá þeim þremur sjónarmiðum sem nefnd eru í tillögunni, læknisfræðilegu, siðfræðilegu og trúarlegu. Mjög mikilvægt er að umræða skapist um málið og að dregnar verði fram allar þekktar upplýsingar til að auðvelda afstöðu til svo flókins og mikilvægs máls sem þessa.

Virðingarfyllst,


Anna Elísabet Ólafsdóttir
forstjóri Lýðheilsustöðvar